

kyrkjulegri embættis heimspeki í gegnum þá Leibniz og Christian Wolff, og það var gegn henni sem Kant snérist. En áður en vér komum að Kant sjálfum verður að minnast nokkuð á nánustu fyrirrennara hans, þá menn sem beinlínis höfðu áhrif á hugsunarhátt hans og skoðanir.

Heimspeki Descartes varð hin ríkjandi stefna á Frakklandi um all langan tíma. En hún fullnægði ekki öllum. Descartes hafði klofið tilveruna í tvent—efni og sál. Á milli þessara helminga, sögðu fylgjendur hans að væri djúp staðfest, sem ómögulegt væri að brúa til fullnustu. Þá kom upp ný kenning, og þeir sem henni héldu fram sögðu, að það væri ekkert djúp til á milli efnis og sálar, vegna þess að aðeins efnið væri virkilegt. Þeir sem þessa heimspeki aðhyllust voru efnistrúarmennirnir, materíalistarnir frakknesku, sem eru aðal höfundar efnistrúar nútímans. Þeirra skóla tilheyrði að vissu leyti J. J. Rousseau, án þess þó að vera ákveðinn efnistrúarmaður. Aðal atriðið í skoðunum hans, og það sem hann varð frægur fyrir var gagnrýni hans á siðmenningunni og hugmyndin um að mennirnir væru sælastir er þeir lifðu sem náttúrlegustu lífi. Rousseau hélt skoðunum sínum fram með dæmefnum ákafa og hita og hafði mikil áhrif. Kant varð fyrir miklum áhrifum frá honum, enda líkist hann honum nokkuð í hinni vægðarlausu gagnrýni sinni á viðteknum skoðunum og kenningum.

Á Englandi hafði tilhneiging til gagnrýnandi heimspeki lengi verið til. John Locke hélt fram, að öll hugsun og þekking mannsins þyrfti að vera gerð að rannsóknar efni áður hægt væri að ákveða hvað væri vissa. Þessari stefnu var ennþá betur framfylgt af skotanu David Hume, enda var það hann, sem mest áhrif hafði á Kant á árunum 1770-80, er hann breytti skoðunum sínum. Hume neitaði því að eintóm heilabrot um tilveruna gætu nokkurn tíma leitt til vissu. Ef menn vilja finna sannleikann, þá verða þeir að byrja með verulegri þekkingu og reynzlu. Öll þekking er þannig til komin, að maðurinn verður fyrir áhrifum frá umheimi sínum. Hugsanirnar eru nokkurskonar eftirmyndir þessara áhrifa. Af þessu leiðir, að ekkert annað en það, sem maðurinn lærir að þekkja í gegnum